

# Fréttabréf

## Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands



2. tölublað, 3. árgangur

nr. 6, maí 1994

### MÁLSTOFA UM KVENNARANNSÓKNIR OG EIGINDLEGAR RANNSÓKNARAÐFERÐIR

Rannsóknastofa í kvennafræðum stendur fyrir málstofu um kvennarannsóknir og eigindlegar rannsóknaraðferðir (qualitative research methods) þriðjudaginn 31. maí kl. 15-18 í stofu 311 í Árnagarði. Leiðbeinandi á málstofunni verður dr. Sari Knopp Biklen menntunarfræðingur.

Á málstofunni verður farið í það hvernig eigindlegum rannsóknaraðferðum er beitt í kvennarannsóknnum. Einnig verður fjallað um þróun kvennarannsókna í Bandaríkjunum á síðustu árum og helstu

áherslur (stefnur og strauma) þar í kvennafræðum.

Dr. Sari Knopp Biklen er dósent í kvennafræðum og menntunarfræðum við School of Education, Syracuse University, Syracuse, New York. Sérsvið hennar eru eigindleg aðferðafræði, kvennarannsóknir og kvennafræði. Rannsóknir hennar eru á sviði kynferðis og menntunar og hefur hún fjallað um áhrif kynferðis á kennslu, kennara og skólastarf. Dr. Biklen hefur einnig rannsakað konur í stjórnunar- og leiðtogastöðum innan menntakerfisins, kennslu sem kvennastarf og

Stjórn stofunnar skipa: Guðný Guðbjörnsdóttir, dósent í uppeldisfræði, Guðrún M. Ólafsdóttir, dósent í landafræði, Helga Kress, prófessor í almennri bókmenntafræði, Kirstín Flygenring, hagfræðingur í viðskipta- og hagfræðideild, Kristín Björnsdóttir, lektor í hjúkrunarfræði og Sigríður Th. Erlendsdóttir, stundakennari í sagnfræði. Rekstur stofunnar annast Þórunn Sigurðardóttir, bókmenntafræðingur.

Útgefandi: Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands  
Umsjón: Þórunn Sigurðardóttir

tengsl kynferðis og skólastarfs. Hún nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar sem frumkvæðull rannsókna á þessum sviðum og hefur skrifað fjölda greina og bóka. Meðal annars hefur hún skrifað greinar og bækur um eigindlega aðferðafræði. Tvær bóka hennar eru til á bókasafni Kennaraháskóla Íslands. Þær eru: Bogdan, R. & S.K. Biklen, *Qualitative Research for Education*. 2. útg. endurbætt (Boston: Alyn and Bacon, 1992) og Biklen, S.K. og Diane Pollard (eds.) *Gender and Education*. National Society for the Study of Education Yearbook, 1993. Bækurnar eru á lestrarsal bókasafns Kennaraháskólans.

Fjöldi þátttakenda í málstofunni er takmarkaður við 20 manns. Skráning fer fram fyrir hádegi alla daga á

Rannsóknastofu í kvennafræðum í Sumarhöll og í síma 694595. Skráning þarf að fara fram fyrir föstudaginn 27. maí. Þátttökugjald er eitt þúsund krónur.

Að málstofunni lokinni verður móttaka þar sem þátttakendum gefst tækifæri til óformlegru umræðna um kvennarannsóknir.

Dagana 1.-3. júní verður Sari Knopp Biklen einnig með námskeiðið *Kynferði og menntun* fyrir starfandi kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi á vegum Endurmenntunardeildar KHÍ og Endurmenntunartofnunar HÍ. Fjörtíu þátttakendur verða á námskeiðinu og komust færra að en vildu.

#### PH.D.-NÁMSKEIÐ Í EIGINDLEGUM RANNSÓKNARAÐFERÐUM

Cekvina, rannsóknastofa í kvennafræðum í Árósháskóla, býður upp á námskeið í eigindlegum rannsóknaraðferðum dagana 22.-23. september og 23.-25. nóvember 1994. Námskeiðið fer fram á ensku. Það er ætlað dönskum doktorsnemum, stúdentum frá hinum Norðurlöndunum og Englandi. Leiðbeinendureru Marianne Hester, prófessor í University of Bristol, Liz Stanley, prófessor í University of Manchester, og Hanne Haavind, prófessor við Oslóháskóla.

Námskeiðslýsing: The course will discuss the impact of gender issues on

qualitative research methodology. It is of relevance to anyone interested in taking an in-depth look at qualitative research methods — whether already using, thinking of using, or merely interested in such approaches. The course will use material from across a number of disciplines including sociology, psychology, education, history, and law.

Upplýsingar og umsóknareyðublöð fást á Cekvina, Finlandsgade 26 B, DK 8200 Århus N. Sími 86165855.

#### ALPJÓÐLEGAR RÁÐSTEFNUR

2.-4. júní 1994 í Stokkhólmi. *Young in Europe: Conditions, Changes, and Alternatives. The Forth Nordic Youth Research Symposium*. Eitt af þeim ráðstefnunum er „Gender, Class, Ethnicity, and Life-Style.“ Upplýsingar: Göran Bolin í síma 46 8 161 277, fax 46 8 661 0304 og Mark Comerford í síma 46 8 161 933.

7.-10. júní 1994 í Amsterdam. *International Conference "Six Feminist Waves": Languages of Feminism in Modern History*. Upplýsingar: Free University of Amsterdam, Dept. of Gender Studies, The Belle van Zuylen Institute, Rokin 84-90, NL-1012 KX Amsterdam, The Netherlands, sími/fax 31 20 525 2119.

8.-10. júní 1994 í University of Alaska, Fairbanks, Alaska. *Northern Women, Northern Lives*. Upplýsingar: Judith Kleinfeld, Director, Northern Studies Program, College of Liberal Arts, 601A Gruening Building, University of Alaska, Fairbanks, Alaska 99775. Sími (907) 474-5266. Þemu ráðstefnunar verðam.a. Women in Leadership Roles; Health Issues Which Face Northern Women; The Personal Life and Family Issues of Northern Women; Environmental Concerns in the North; Work Life Issues affecting Northern Women; The Social Welfare Network for Women in Northern Countries.

15.-17. júní 1994 í Osló. *Feminism, Epistemology and Ethics*. Upplýsingar: Drude von der Fehr, Department of Literature, University of Oslo, pb. 1013 Blindern, N-0315 Oslo. Sími 22 85 43 15. Símbref 22 85 71 00. Inger Nygaard Preus, Department of Philosophy, University of Oslo, pb. 1020, Blindern, N-0315 Oslo. Sími 22 85 59 94. Ráðstefnubæklingur fæst á Rannsóknastofu í kvennafræðum.

15.-17. júní 1994 í Riga. *Mirror from the Past to the Future: Women in Latvia*. Alþjóðleg þverfagleg ráðstefna. Upplýsingar fást hjá Latvian Women Studies and Information Center, Turgeneva 19. R. 805, Riga, LV1524, Latvia. Sími 371-2-227 474. Fax 228 784.

15.-18. júní 1994 í Stokkhólmi. *The Fourth International Conference on Ethics in the Public Service*. Upplýsingar: FA Institute IoN, P.O. Box 5042, S-102 Stockholm, Sverige. Fax 46-(0)8-667 59 13.

17.-21. júní 1994 í Cambridge MA. *International Conference "Women, Information, and the Future: Collecting and Sharing Resources World-Wide"*. Upplýsingar: Women, Information, and the Future, Schlesinger Library, Radcliffe College, 10 Garden Street, Cambridge MA 02138, USA. Símbref 1-617-4968340.

- 2.-5. júlí 1994 í Manchester í Bretlandi. *Fifth IFIF Conference on Women, Work and Computerization "Breaking Old Boundaries: Building New Forms*. Uppl.: Sue Williams, School of Computing, Staffordshire University, The Octagon, Beaconside, UK-STAFFORD St18 OAD, UK.
- 5.-9. júlí 1994 í Graz í Austurríki. *2nd European Feminist Research Conference: Feminist Perspectives on Technology, Work and Ecology*. Upplýsingar: Inter-University Research Center for Technology, Work and Culture, Schlöggelgasse 2, A-8010 Graz, Austria. Sími 43-316-813909. Símbref 43-316-810274.
- 18.-23. júlí 1994 í Bielefeld. *World Congress of Sociology*. Upplýsingar: Research Committee 32, International Sociological Association, Linda Christiansen-Ruffman, Department of Sociology, Saint Mary's University, Halifax, Nova Scotia, B3H 3C3 Canada. Símbref 902-420-5561.
- 27.-31. júlí 1994 í Melbourne, Ástralíu. *6th International Feminist Book Fair*. Upplýsingar: Susan Hawthorne, Chair, Management Committee, 6th IFBF, P.O. Box 212, North Melbourne, VIC.3051, Australia. Sími 61-3-329 6088.
- 1.-6. ágúst 1994 í Ábo í Finnlandi. *Nordisk Forum 1994*. Þema ráðstefnunnar verður „Líf og vinna kvenna“. Upplýsingar: Bima Hreiðarsdóttir, skrifstofu Jafnréttisráðs, Laugavegi 13, 101 Reykjavík. Sími 2 74 20.
- 7.-12. ágúst 1994 í Reykjavík. *Tuttugla ráðstefna IASS* (International Association of Scandinavian Studies) verður haldin í Reykjavík í sumar. Þema ráðstefnunnar verður „Bókmenntir og kynferði“. Upplýsingar: Ráðstefnur og fundir hf., Hamraborg 1-3, 200 Kópavogi og Ragnhildur Richter í síma 69 40 93.
- 13.-17. ágúst 1994 í Ottawa. *International Conference on Social Change — Women's Studies — Feminist Research*. Ráðstefnan fjallar m.a. um hugsanlega stofnun alþjóðlegra samtaka fræðimanna á sviði kvennafræða. Upplýsingar: Joint Chair of Women's Studies, Carleton University/ Université d'Ottawa, Ontario, Canada K1N 6N5. Sími 613-788-6644; fax 613-564-7461.
- 13.-18. ágúst 1994 í Ósló. *22. Nordiske historikermøte*. Eitt af þessum ráðstefnunnar er „fra kvennehistorie til kjønns historie?“ Annað er „Kirkehistorisk seksjon: Kvinner, kirke, religion.“ Uppl.: 22. Nordiske historikermøte, c/o PLUSreiser a/s, Kongressavd. v/Marianne Draugsvoll, Postboks 946, N-5001 Bergen, Norge. Símbref: 47-55 90 20 91).

- 3.-5. nóvember 1994 í Tromsø. *Nordisk konferanse om språk og kjønn*. Konferansen arrangeras av Institutt for språk og litteratur, Universitetet i Tromsø, som en oppfølging av ASLA:s nordiska symposium i Uppsala i november 1991. Konferansen er tvärvetenskaplig till sin karaktär; förutom lingvister riktar man sig bl.a. till samhällsvetare, psykologer och filosofer. Föredrag kan hållas på skandinaviska eller engelska. Upplýsingar: Tove Bull eða Toril Swan, Institutt for språk og litteratur, Universitetet i Tromsø, N-9037 Tromsø, Norge.
- 11.-13. nóvember 1994 í Antalya-Belek í Tyrklandi. *First International Women's Solidarity Congress*. „Women's Participation in Decision-Making.“ Bæklingur og umsóknareyðublöð eru á Rannsóknastofu í kvennafræðum í Sumarhöll.
- 21.-25. nóvember 1994 í Lissabon. *The Feminine Side of the Portuguese Overseas Expansion*. Fyrirlestrar og skoðunarferðir. Upplýsingar: Comissão para a Igualdade e para os Direitos das Mulheres, Av. da República, 32-1º, 1093 Lisboa Codex - Portugal. Sími 351-1-797 6081/4, símbref 351-1-793 76 91.

## 1995

- 11.-15. janúar 1995 í Lexington, Kentucky. Alþjóðleg málstofa í *New Horizons in Feminist Geography*. Þemu: „Difference and Diversity“, „Methodological Frontiers“ og „New Forms of Representation.“ Upplýsingar: New Horizons in Feminist Geography, Department of Geography, 1457 Patterson Office Tower, University of Kentucky, Lexington, Kentucky 40506-0027, USA. Sími 606-257 2931; símbref 606 258 1968.
- 18.-21. maí 1995 í Helsingfors. *Nionde nordiska Kvinnojuristmötet*. Upplýsingar: Katarina Petrell, Institutionen för privaträtt, FIN-PB 4, 00014 Helsingfors universitet, sími 358 0 191 3381, fax 358 0 191 3108.
27. ágúst - 3. september 1995 í Montréal í Kanada. Eitt af aðalefnum heimsþings sagnfræðinga í Montréal 1995 verður þemað „Konur, karlar og söguleg þróun: sýnishorn af áhrifum kynferðissögu“ (hlutur kynferðis og sambands kynjanna í mikilvægustu umskiptum í sögu stjórnmála, samfélaga og trúarbragða). *Women, Men and Historical Change: Case Studies in the Impact of Gender History*. (The role of gender and male/female relations in major historical transformations—political, social, religious). Frekari upplýsingar um ráðstefnuna fást hjá Inga Sigurðssyni, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands.

27. ágúst - 3. september 1995 í Montréal í Kanada. *Miniconference "Women, Colonialisms, Imperialisms and Nationalisms through the Ages"*.  
Upplýsingar: Ruth Roach Pierson, Ontario Institute for Studies in Education,  
252 Bloor Street West, Toronto, Ontario M5S 1V6, Canada. Sími 1-416-  
9236641, símbref 9264725.

1.-5. september 1995 í Uddevalla, Bohuslän í Svíþjóð. *Mary Wollstonecraft á Norðurlöndum 1795-1995*. Upplýsingar: Catherine Sandbach-Dahlström,  
Dept. of English, Stockholm University, 106 91 Stockholm, Sverige.

4.-5. september 1995 í Beijing í Kína. *FN:S vörldskongress för kvinnor*.  
Upplýsingar: UN World Conference and the NGO Forum on Women 1995,  
Kirchengasse 26, A-1070 Vienna, Austria. Símbref 43-1-526 1897.

20.-23. september 1995 í Vín. *7th Symposium of the International Association of Women Philosophers*. Þema ráðstefnunnar er "The War". Upplýsingar:  
"IAPH Symposium", Institute for Science and Art, Berggasse 17, A-1090  
Vienna, Austria. Sími/símbref 43 1 34 43 42.

### NÁM Í KVENNAFRÆÐUM

Háskólaráð hefur nýverið skipað í nefnd um nám í kvennafræðum samkvæmt  
tilmælum frá stofunni. Hlutverk nefndarinnar er að móta tillögur um framtíðar-  
skipan og þróun kennslu í kvennafræðum við Háskóla Íslands. Nefndinni er  
ætlað að skila álitum innan árs.

### RABBFUNDIR OG FYRIRLESTRAR

Í ágústmánuði verður gengið frá dagskrá rabbfunda og fyrirlestra á haustmíssi  
1994. Lesendur fréttabréfsins eru hvattir til að koma með ábendingar um  
fyrirlesara og rabbara fyrir miðjan ágústmánuð.

### ÁRSSKÝRSLA RANNSÓKNASTOFU Í KVENNAFRÆÐUM

Ársskýrsla Rannsóknastofu í kvennafræðum fyrir árið 1993 liggur frammi á  
skrifstofu stofunnar. Þeir sem þess óska geta fengið skýrsluna senda heim.

### FEMINÍSKAR LAGAKENNINGAR

Á haustmíssi 1994 verður í boði  
námskeið í femínískum lagakenn-  
ingum til 5 eininga á vegum Rann-  
sóknastofu í kvennafræðum. Kennari  
er Claire Ann Smearman lögfræðingur  
(Juris Doctor), Fulbrightkennari við  
Háskóla Íslands haustmíssi 1994.

Claire Ann Smearman lauk lög-  
fræðiprófi frá University of Maryland  
School of Law árið 1982. Hún hefur  
undanfarin ár kennt við kvennafræði-  
deild og stjórnmálfræðideild Towson  
State University, ásamt því að starfa  
sem lögfræðingur í Baltimore. Sér-  
grein hennar er fjölskyldulöggjöf. Hún  
er einn af stofnendum Women's Law  
Center Family Law Hotline, sem er  
ókeypis lögfræðiráðgjöf fyrir  
Marylandríki, og var forstöðumaður  
Women's Law Center 1989-1990.

Í námskeiðinu verður fjallað um atriði  
sem hafa verið í brennidepli í

kvennabaráttu og femínískum laga-  
kenningum síðan á sjöunda  
áratugnum: frelsi til að stjórna  
barneignum (getnaðarvarmir, fóstur-  
eyðingar o.fl.), ofbeldi á heimilum,  
naudgun, lagalega stöðu kvenna innan  
fjölskyldna (skilnaðir og umráðaréttur  
barna), klám, kynferðislega mismunun  
í ráðningum, kynferðislega mismunun  
í menntun og kynferðislega áreitni.  
Námskeiðið verður þverfaglegt á þann  
hátt að ásamt verkum femínískra  
lögfræðinga og dæmum úr réttarsögu  
Bandaríkjanna verður stefnumótun í  
lögum skoðuð út frá verkum annarra  
femínískra kenningasmíða (t.d.  
sálfræðingsins Lenore Walkerum "the  
Battered Woman Syndrome",  
siðfræðingsins Beverly W. Harrison  
um fóstureyðingar og sálgreinandans  
Nancy Chodorow um móður-  
hlutverkið).

### SUMARNÁMSKEIÐ Í ENSKU

Tungumálaskólar fyrir konur eru  
reknir á sumrin í Hillcroft College,  
South Bank, Surbiton, Surrey KT6  
6DF og í Aphra. Women's Internatio-  
nal School of English, 260 Wincheap,  
Canterbury, Kent CT1 3TY.

Eftirfarandi námskeið verða í boði  
sumarið 1994:

Í Hillcroft College: „Women in  
Europe“, „Women's Roles“,

„Women's Psychology“, „Women  
Artists“, „Women Writers“ og  
„Women's History“.

Í Aphra: „Workplace Issues for  
Women“, „Relationships, Language  
& Identity“, „Developmental  
Ecology“, „Women Artists &  
Writers“, „Drama Workshops“,  
„Creative Writing“, „Spiritual  
Perspectives“, „Women in the 90's“.

## KVENNAFRÆÐI Á NORÐURLÖNDUM

Upplýsingar um málstofur og fyrirlestrahald rannsóknastofa í kvennafræðum á hinum Norðurlöndunum er hægt að fá á Rannsóknastofu í kvennafræðum í Sumarhöll.

## SUMARNÁMSKEIÐ Í EVRÓPSKUM KVENNAFRÆÐUM

„European Women's Studies from a multicultural perspective“ er heiti á námskeiði sem verður haldið á vegum NOIQSE, kvennarannsóknans innan ERASMUS, í lok sumars. Hér er um tveggja vikna námskeið að ræða, frá 28. ágúst til 11. september. Námskeiðið er ætlað þeim sem lengra eru komnir. Það fer fram í fyrirlestrum, málstofum og umræðum um bókmenntafræðikenningar, sagnfræði og „ríki og (mis)(jafn)rétti“ („State and (In)Equality.“) Fyrirlesarar eru frá ýmsum háskólum í Evrópu, en námskeiðið verður haldið í háskólanum í Bologna á Ítalíu. Umsóknarfrestur rennur út 1. júní. Umsóknareyðublöð er hægt að fá á Rannsóknastofu í kvennafræðum í Sumarhöll. Frekari upplýsingar gefur Network of Interdisciplinary Women's Studies in Europe NOIQSE, Utrecht University, Drift 13, NL-3512 BR Utrecht. Sími 31 30 536013 og símréf 31 30 536695.

Rannsóknastofa í kvennafræðum  
Sumarhöll  
Háskóli Íslands  
101 Reykjavík